

# ENDURVINNSLA Á ÁLGJALLI Í KAPELLUHRAUNI, HAFNARFIRÐI

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að verksmiðja til endurvinnslu á algjalli að Álhelli 15 í Kapelluhrauni í Hafnarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu framkvæmdaraðila um að losun mengunarefna í andrúmsloft verði fremur lítil í samanburði við aðra sambærilegra losun mengunarefna á svæðinu og telur Skipulagsstofnun að samlegð með mengun frá álverinu í Straumsvík, sé ólíkleg til að verða umtalsverð. Máli sínu til stuðnings bendir Skipulagsstofnun á að ráðgerð viðbótarmengun er talin nema um 0,2 til 0,3 % af losun frá álverinu samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að mögulega verði tekin ákvörðun um að vinna brotaál/drykkjarvöruumbúðir í endurvinnsluferlinu. Fram kom að slíkar umbúðir séu húðaðar með epoxýefnum og prentlitum sem myndi lífrænar gufur við niðurbrot húðunarefna. Skipulagsstofnun telur að ekki hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir gerð, áhrifum eða magni þeirra mengunarefna sem myndast við niðurbrot húðunarefnanna og því beri að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni ef ráðist verði í að endurvinna húðaál. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulið 13 a, þ.e. allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. nóvember 2011.

## INNGANGUR

Þann 2. september 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ ráðgjöf f.h. Kratus ehf. um verksmiðju til endurvinnslu á álgjalli að Álhelli 15 í Kapelluhrauni í Hafnarfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 4 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 23. september 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. september 2011, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 15. september 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. september 2011. Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ ráðgjöf með tölvupósti dags. 27. september 2011.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Kratus ehf. áformi að byggja verksmiðju til endurvinnslu á álgjalli að Álhelli 15, innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Verksmiðjan muni fullvinna ál úr álgjalli og brotaáli sem falli til hér á landi. Verkefnið feli í sér byggingu og rekstur verksmiðju sem endurvinni ál. Áætlað sé að allt að 15.000 tonn verði endurunnin á ári í verksmiðjunni og verði hjáefnið álgjall frá álverksmiðjum hér á landi. Möguleiki sé að nota brotaál sem falli til hjá endurvinnsluaðilum í einhverju magni. Gert sé ráð fyrir að endurvinnslan skapi 6-8 ársverk. Reist verði um 1.700 m<sup>2</sup> hús yfir verksmiðjuna. Áætluð hæð hússins verði 12-14 m.

**Framleiðsla áls úr álgjalli.** Fram kemur að gert sé ráð fyrir að framleiðsluferilinn verði algjörlega lokaður og að öll efni sem verða til í ferlinu verði endurunnin. Auðvelt sé að endurvinna ál vegna lágs bræðslumarks. Um 5% af orkunni sem notuð sé við frumvinnslu áls þurfi til endurbræðslu þess og gæði áls haldist óbreytt ef hlutfall aukaefna í hráefninu sé ekki of hátt. Álgjall verði til á yfirborði fljótandi áls þegar álið brenni upp og myndar áloxíð, súrál. Sú verksmiðja sem hér verði reist muni taka álgjall og vinna úr því ál sem fari aftur til álveranna hér á landi, eða verði selt til álvinnslufyrirtækja. Við endurvinnslu á álgjalli sé hægt að ná allt að 95% af álmálminum úr álgjallinu. Það sem eftir verði sé blanda af salti, súráli, álmálmi og ýmsum óhreinindum sem hreinsist úr álinu við bræðsluna. Álgjalið sé unnið í tromluofni þar sem að álið sé brætt og því fleytt undan saltlausn í ofninum. Álið verði steipt í kubba eða aðrar einingar sem viðskiptavinir fyrirtækisins vilji fá.

Fram kemur að reynslan sýni að hægt sé að ná jafnari og betri vinnslu á álinu með því að bæta brotaáli í framleiðsluferlið þar sem jafnari rekstur verði á ofninum. Brotaál sé sem dæmi álpróffilar og ýmis skonar búnaður úr vinnslutækjum þar sem ál sé tiltölulega hreint og að mestu ómeðhöndlað. Hér á landi falli til nokkur hundruð tonn á ári af brotaáli. Einnig falli til drykkjarvöruumbúðir úr áli en þær séu húðaðar með epoxýefnum og prentlitum. Ef þessar umbúðir verði notaðar í endurvinnsluferlinu kalli það á sérstakan hreinsibúnað til þess að hreinsa lífrænar gufur sem myndist við niðurbrot húðunarefna.

Fram kemur að kælivatn verði í lokuðu hringrásarkerfi. Reiknað sé með að kælivatn verði kælt með ferskvatni. Vatns verði aflað í samráði við Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

**Úrgangur.** Fram kemur að úrgangur sem falli til í vinnsluferlinu sé einkum þrennskonar; gjallsandur, afsogsryk og afgas. Einnig falli til úrgangur vegna viðhalds búnaðar s.s. fóðringar.

**Gjallsandur.** Fram kemur að salt sem liggja ofaná álbráðinni við uppbræðsluna myndi þar gjallsand sem verði sendur til erlendra samstarfsaðila til endurvinnslu. Eftir endurvinnslu verði saltið flutt aftur til Íslands og endurnotað í ferlinu. Möguleiki sé að nýta oxíðin sem skilin verði frá saltinu til t.d. sements- eða steinullarframleiðslu. Reiknað sé með að til falli 6.000-10.500 tonn af gjallsandi á ári. Þegar hafi verið samið við erlenda endurvinnsluaðila sem muni taka við gjallsandinum og endurvinna hann. Gjallsandur flokkist sem spilliefni samkvæmt viðauka I í reglugerð nr. 184/2002 m.s.br. um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

**Afsogsryk og afgang.** Fram kemur að þegar ofninn sé lokaður og brennarinn í gangi til að hita upp hráefnin myndist yfirþrýstingur. Þegar ofninn sé opnaður á ný leiti afgangið út úr ofninum en sé fangað í reykhettu við op ofnsins og leitt í reyksú þar sem afgangrykið sé hreinsað úr reyknum. Reyksúvirkið sé hannað miðað við að hámarksstyrkur ryks sem sleppt verði út í andrúmsloftið verði  $10 \text{ mg/m}^3$ . Gert sé ráð fyrir að hreinsivirkið sé af fullkomnustu gerð og sýni reynslan að hægt sé að keyra slíkt hreinsivirki á styrk sem sé minni en eða jafnt og  $2 \text{ mg/m}^3$ . Ef ákvörðun verði tekin um að vinna brotaál/drykkjarvöruumbúðir í ferlinu verði settur upp sérstakur hreinsibúnaður sem tryggi viðunandi loftgæði. Afsogsryk sem myndist einkum við bræðslu álgjallsins samanstandi að mestu af kalsíum- og áloxíðum en einnig getur verið talsvert salt í rykinu. Málmar sem bindist rykögnum verði að mestu eftir í rykhreinsibúnaði. Áætlað sé að til falli um 35 kg af ryki fyrir hvert framleitt tonn af áli eða allt að 500 tonn á ári. Afsogsrykið verði selt til erlendra endurvinnsluaðila.

**Annar úrgangur.** Fram kemur að það efni sem falli til vegna viðhalds séu einkum fóðringar úr bræðsluofninum, en endurfóðra þurfi ofninn á nokkurra ára fresti. Þessar fóðringar verði sendar úr landi til endurvinnslu.

**Flutningar.** Fram kemur að flutningar á brotaáli að verksmiðjunni fari fram með flutningabílum. Framleitt ál verði að sama skapi ýmist flutt með flutningabílum til álvera hér á landi eða í gámum með skipi til erlendra kaupenda. Gjallsandi, afsogsryki og fóðringum verði safnað í gáma og flutt úr landi með skipi frá Straumsvíkurhöfn. Hluti þessara efna falli undir Baselsamninginn um flutning og förgun spilliefna. Erlendi samstarfsaðilinn hafi öll leyfi til þess að meðhöndla slíkan úrgang og búið sé að kanna að engum vandkvæðum verði háð að flytja þessi efni til hans.

**Áhrif á loftgæði.** Fram kemur að verksmiðjan verði staðsett innan þynningarsvæðis fyrir ryk, flúor og brennisteinsdíoxíð sem sé afmarkað um álverið í Straumsvík. Sé áætluð losun vegna álgjallsendurvinnslu borin saman við losun frá álverinu í Straumsvík árið 2010 megi sjá að heildarlosun frá endurvinnslu á álgjalli sé 0,2-0,3% miðað við álverið. Um sé að ræða óverulega aukningu á losun ryks, flúoríða og brennisteinsoxíðs innan þynningarsvæðis og ætti sú aukning ekki að hafa áhrif á skilgreiningu þynningarsvæðis.

Fram kemur að framkvæmdaraðili telji að umhverfisáhrif vegna endurvinnslu álgjalls í Kapelluhrauni í Hafnafirði geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Rökstuðningur fyrir þessari niðurstöðu sé að staðsetning verksmiðjunnar innan svæðis sem sé skilgreint sem iðnaðarsvæði skv. skipulagi og sé innan þynningarsvæðis álversins í Straumsvík. Það sé mat framkvæmdaraðila að losun mengunarefna sé það lítil í samanburði við losun sambærilegra mengunarefna frá stóriðju á svæðinu að um óverulega breytingu á umhverfisáhrifum sé að ræða.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talin ástæða til þess að framkvæmdirnar fari í mat á umhverfisáhrifum. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að eftirlitið telji að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif af völdum hættulegra efna.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að meðhöndlun gjallsands sé flókið úrlausnarefni sem myndi gerbreyta forsendum framkvæmdarinnar. Því bendi stofnunin á að væntanlegt starfsleyfi fyrir starfsemina þurfi nauðsynlega að innihalda takmarkanir á magni gjallsands sem safnast megi upp á svæðinu og skilyrði um hvernig með hann eigi að fara, t.d. til að tryggja að ekki komist í hann vatn eða að hann geti dreifst.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reiknað sé með að gjallsandur verði fluttur burt frá verksmiðjunni ekki sjaldnar en á tveggja vikna fresti og til útflutnings verði aflað tilskilinna leyfa í samræmi við Baselsamninginn um flutning og förgun spilliefna. Einnig er bent á að öll vinnslan verði innandyra, þ.m.t. vinnsla á gjallsandi. Með því sé komið í veg fyrir að vatn komist í hann og að hann fjúki. Meðferð gjallsands verði í samræmi við reglugerð um meðferð spilliefna nr. 806/1999.

Umhverfisstofnun telur að hætta kunni að vera á mengun vegna díoxína og fúrana af starfsemi þessari vegna þess að notaður sé saltferill. Þess vegna telji stofnunin mikilvægt að mengunareftirlit og vöktun sé regluleg vegna þessarar mengunarhættu, bæði á útblæstri og í jarðvegi. Umhverfisstofnun muni einnig setja mörk um þessa losun ef til starfsleyfisútgáfu komi. Áður en framkvæmdir hefjist þyrfti að ganga úr skugga um núverandi innihald jarðvegsins af þessum mengunarefnum og velja staðsetningar til mælinga sem væru líklegar til að gefa mynd af því hvort væntanleg starfsemi valdi mengun af þessu tagi. Þá væri hægt að mæla aftur á sömu stöðum þegar starfsemi er hafin.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í skýrslum um endurvinnslu á áli sé þess getið að díoxín og fúran sambönd geti myndast þegar notaður sé saltferill. Þessi myndun verði einkum í endurvinnslu á umbúðum hvers konar sem húðaðar séu með epoxíefnum, þar sem kolefni verði að vera til staðar. Í endurvinnslunni hjá Kratusi verði unnið með gjall sem innihaldi ekki kolefni. Eini möguleikinn á kolefnisgjafa í ferlinu sé ófullkominn bruni í olú-/gasbrennara sem notaður verði til upphitunar í ferlinu. Því sé gert ráð fyrir að myndun þessara efni verði lítil sem engin. Þá megi benda á að hægt sé að eyða þessum efnum úr afgasi með hreinsibúnaði ef myndun þeirra verður mælanleg. Augljóst sé að áður en rekstur hefjist muni framkvæmdaraðili fara í einu og öllu eftir kvöðum í starfsleyfi.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að starfseminni sé ætlaður staður á skilgreindu iðnaðarsvæði. Samkvæmt skýrslu muni henni fylgja tiltekin þungmálmamengun sem sé til viðbótar þeirri sem fylgi þeirri starfsemi sem fyrir er á svæðinu. Mengunarefnamælingar hafi farið fram á svæðinu og tilteknum fyrirtækjum verið gert að taka þátt í kostnaði við skýrslugerð í kjölfar þeirra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í framlögðum gögnum sé stuðst við upplýsingar í skýrslu frá European IPPC Bureau. Þar séu teknar saman niðurstöður mælinga frá endurvinnslustöðvum á áli þar sem unnið sé gjall og ýmis málmur til. Í slíkum málmum sé oft að finna húðunarefni sem innihaldi ýmsa þungmálma. Gera megi ráð fyrir að vinnslunni sem fram fer hjá Kratusi fylgi sambærileg samsetning á þungmálmum í ryki í afgasi og komi frá nærliggjandi álveri. Því geri framkvæmdaraðili ráð fyrir að aukið álag verði óverulegt vegna þessarar mengunar.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að endurvinnslu álgjalls virðist geta fylgt vandamál vegna ammoníaksmyndunar. Losun ammoníaks út í andrúmsloftið geti valdið verulegum vanda. Þekkt leið hérlendis til lausnar sé að kæla og þvo gjallsandinn í rennslisþróum utandyra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið verði með gjallsand innandyra. Ef ekki komist vatn í sandinn séu engin vandamál tengd ammoníakmyndun. Hluti af



endurvinnsluferlinu hjá erlenda samstarfsaðilanum, sem muni taka við sandinum, sé að fanga ammóníak og breyta því í áburðarefni sem sé selt. Erlendi samstarfsaðilinn hafi áralanga reynslu af þessari endurvinnslu og hafa ekki komið upp nein vandamál vegna afsetningar hans. Hann ráði yfir sambærilegri vinnslu í tveimur Evrópulöndum og ef upp komi erfiðleikar á einum stað geti hann flutt efnið á milli staða. Einnig megi benda á að mögulegt sé að senda sandinn til fleiri aðila þar sem þessi endurvinnsla sé algeng í Evrópu. Gert sé ráð fyrir drjúgu geymslusvæði innandyra við hönnun verksmiðjunnar m.a. til þess að geyma fastan úrgang ef á þurfi að halda.

**Sammögnunaráhrif með annarri starfsemi.** Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að áformaður rekstur muni valda loftmengun sem sé sama eðlis og losun frá álverinu í Straumsvík sem sé með skilgreind losunarmörk og sem beri að kosta mengunarmælingar eða vöktun á umhverfi. Forsvarsmönnum þess verði að gefast kostur á að leggja mat á aukna losun þessara efna inni á svæði sem skilgreint hafi verið sem þynningarsvæði þess og að koma á framfæri sínum athugasemdum. Umhverfisstofnun, leyfisgjafi álversins, kunnir í framhaldi af því að þurfa að endurskoða fyrirmæli um eftirlitsmælingar og vöktun í starfsleyfi álversins. Því þurfi boðuð framkvæmd að fara í umhverfismat.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efni sem losuð séu í afgangi séu algjörlega sambærileg við efni sem koma úr álframleiðslu. Eins og fram komi í greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu þá sé líklegt magn þeirra efna sem losna með afgangi að hámarki á bilinu 0,2-0,3 % af því sem losað sé frá álverinu í Straumsvík. Ólíklegt verði að teljast að slík viðbótarlosun kalli á breyttar forsendur fyrir losunarmörk álvers. Mat framkvæmdaraðila sé að svo lítil viðbót muni á engan hátt hafa áhrif á umfang þynningarsvæðis álversins. Framkvæmdaraðili muni hlíta þeim ákvæðum sem Umhverfisstofnun kunnir að setja í starfsleyfi, þ.á.m. varðandi vöktun og uppfylla þau skilyrði sem komi fram í reglugerðum varðandi loftgæði.

**Áhrif á vatnsgæði.** Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að mikill grunnvatnsstraumur sé til sjávar undir þessu skilgreinda iðnaðarsvæði. Álverið í Straumsvík taki sitt kælivatn (iðnaðarvatn) skammt undan og með rennislisstefnu frá áformaðri starfsemi. Grunnvatnsstraumurinn sé mikil náttúruauðlind sem gæti vel annað fleiri notendum kælivatns. Nauðsynlegt sé að gera grein fyrir því hvort boðuð starfsemi geti hugsanlega skaðað núverandi nýtingu og/eða aðra framtíðarnýtingu grunnvatns á svæðinu og þá ekki síst með efni vatnatilskipunarinnar í huga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að engin grunnvatnsmengun fylgi framleiðslunni. Eini mögulegi mengunarþátturinn væri loftborin mengun, sem sé óveruleg.

**Leyfi.** Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að framkvæmdaraðili þurfi að afla sér heimilda til útflutnings gjallsands samkvæmt Baselsamningnum um flutning og förgun spilliefna og að sú leyfisveiting sé með öllu óháð veitingu starfsleyfis.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða verksmiðju til endurvinnslu á algjalli að Álhelli 15 í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 4 d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur fyrir liggja að umhverfisáhrif af föstum úrgangi verði óveruleg. Byggist það á því að framkvæmdaraðili mun geyma gjallsand innandyra þar sem hann verður varinn fyrir vatni og því hverfandi hætta á myndun ammoníaks, áður en hann verður fluttur úr landi til endurvinnslu. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi sett skilyrði um magn gjallsands sem safna má á svæðinu og frágang hans áður en hann verður fluttur brott til endurvinnslu.

Skipulagsstofnun bendir á að verði fastur úrgangur ekki fluttur út til endurvinnslu ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulið 13 a í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu framkvæmdaraðila um að losun mengunarefna í andrúmsloft verði fremur lítil í samanburði við aðra sambærilegra losun mengunarefna á svæðinu og telur Skipulagsstofnun að samlegð með mengun frá álverinu í Straumsvík, sé ekki líkleg til að verða umtalsverð. Máli sínu til stuðnings bendir Skipulagsstofnun á að ráðgerð viðbótarmengun er talin nema um 0,2 til 0,3 % af losun frá álverinu samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila.

Skipulagsstofnun bendir á að í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ef tekin verði ákvörðun um að vinna brotaál/drykkjarvöruumbúðir í ferlinu verði settur upp sérstakur hreinsibúnaður sem tryggir viðunandi loftgæði. Fram kemur að slíkar umbúðir séu húðaðar með epoxýefnum og prentlitum sem myndi lífrænar gufur við niðurbrot húðunarefna. Skipulagsstofnun bendir á að þar sem ekki hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir gerð, áhrifum eða magni þeirra mengunarefna sem myndast við niðurbrot húðunarefnanna þá beri að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni ef fyrirhugað er að endurvinnna húðað ál. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulið 13 a í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að verksmiðja til endurvinnslu á álgjalli að Álhelli 15 í Kapelluhrauni í Hafnarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Auk þess þarf fyrirtækið að afla leyfi á grundvelli Basel samningsins vegna flutnings spilliefna á milli landa.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. nóvember 2011.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson